

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 2002

11. apríl 2002

915

Nr. 291

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 114/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli vegna innflutnings á hvítkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9001	Hvítkál	15.04. - 30.06.02	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. apríl 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

11. apríl 2002

Nr. 292

REGLUR

um veitingu leyfa til fornleifarannsókna.

1. gr.

Fornleifavernd ríkisins fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna.

2. gr.

Þeir, sem hug hafa á að stunda fornleifarannsóknir, skulu sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins. Stofnunin fjallar um leyfisumsóknir og veitir leyfi eða hafnar umsókn.